# Stafræn skil

## á ársreikningum kirkjugarða




### Hvenær á að skila?

Ársreikningum kirkjugarða fyrir næst liðið ár ber að skila til Ríkisendurskoðunar í síðasta lagi 31. maí ár hvert.

### Hvar á að skila?

Skil ársreikninga fara fram á vef island.is, slóðin er: https://island.is/arsreikningar-kirkjugardur

### Hverjir geta skilað?

Einstaklingar sem hafa skráða prókúru hjá fyrirtækjaskrá Skattsins geta skilað ársreikningi fyrir kirkjugarða. Prókúruhafar geta einnig veitt öðrum einstaklingum umboð til að skila.

Ef enginn er með skráða prókúru þarf að sækja um hana hjá fyrirtækjaskrá Skattsins.

### Hvernig fara skilin fram?

Notandinn skráir sig inn með rafrænum skilríkjum. Ef hann er með prókúru eða umboð fyrir annan aðila þá birtist valmynd þar sem hægt er að velja þann aðila. Hér er Englagarðurinn valinn.

Við tekur einfalt form þar sem velja þarf rekstrarár, skrá nokkrar lykiltölur úr rekstri og síðan er ársreikningur sendur inn sem viðhengi á pdf formi.




